



Fundur í aðalstjórn Aftureldingar, 5. júní 2023.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 16:30

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Hrafn Ingvarsson (HI), Inga Hallsteinsdóttir (IH), Hildur Pála Gunnarsdóttir (HPG),

Mættir starfsmenn:

Grétar Eggertsson (GE) framkvæmdastjóri, Árni Bragi Eyjólfsson (ÁBE) íþróttafulltrúi.

Dagskrá:

- 1. Styrktarþjálfun aðstaða**

Farið yfir stöðu mála varðandi styrktaraðstöðu og samkvæmt samkomulagi við Mosfellsbæ að þá mun núverandi styrktaraðstaða verða rýmd fyrir 1. júlí 2023. Þá verður farið í að gera svæðið klárt fyrir að Afturelding taki við aðstöðunni. Íþróttafulltrúi hefur fengið tilboð vegna aðstöðunnar og verður ákvörðun tekin um kaup á vörum í framhaldinu.
- 2. Viðauki við samning við Mosfellsbæ**

BKJ kynnti þá umræðu sem hefur átt sér stað með Mosfellsbæ varðandi viðauka við samning á milli Aftureldingar og Mosfellsbæjar og verður gengið frá þeim viðauka á næstu dögum.
- 3. Styrkir – Mosfellsbær**

SRM fór yfir og kynnti úthlutun vegna afreksstyrkja og styrka til BUR frá Mosfellsbæ. Samþykkt af stjórn og greiðsla verður framkvæmd af framkvæmdastjóra.
- 4. Persónuverndarstefna**

Kynnt var sú vinna sem íþróttafulltrúi hefur, ásamt framkvæmastjóra, unnið að vegna Persónuverndarstefnu.

Fundi slitlið kl. 19:40

Grétar Eggertsson ritaði fundargerð.